



Alþingi
Erindi nr. P 130/2389
komudagur 8.5.2004

ÁRBÆJARSAFN - MINJASAFN REYKJAVÍKUR
Kistuhyl, 110 Reykjavík, Ísland * Sími 577 1111 * Bréfsími 577 1122
Kt. 521288-0189 * Netfang abs@abs.rvk.is * Veffang www.arbaejarsafn.is

7. maí 2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um tillögu til þingsáætlunar um varðveislu Hólavallarkirkjugarðs.

Undirritaðri hefur verið falið að veita umsögn fyrir hönd Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallarkirkjugarðs. Ekki er gerð athugasemd við að skipuð verði nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði, enda í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags um að garðinn beri að vernda.

Vakin athygli á orðalagi seinni liðar þingsályktunar sem er á þá leið að nefndin "... meti einnig hvort setja skuli lög um þjóðargersemar sem gildi m.a. um garðinn og hugi að því að fá hann viðurkenndan sem "Evrópuminjar" í ljósi þess hve einstakur hann er í Evrópu."

Ekki er skilgreint í tillögunni hvað hugtakið "þjóðargersemar" feli í sér. Benda má á þjóðminjalög nr. 107/2001, þar sem fjallað er um menningarsögulegar minjar, þ.m.t. fornleifar og minningarmörk í kirkjugörðum, en í þeim kemur hugtakið "þjóðargersemar" ekki fyrir. Það hlýtur að þurfa að meta hvort hægt er að tryggja varðveislu garðsins með friðlýsingu hans sem búsetulandslags, skv. 9. gr. þjóðminjalaga. Jafnframt er nauðsynlegt að fram fari umræða um hugtakið "þjóðargersemar" og hvort rétt sé að setja um þær sérstök lög og meta síðan hvað falli undir þá skilgreiningu. Þá er hægt að taka afstöðu til hvort Hólavallagarður friðaður sem slíkar minjar.

Virðingarfyllst,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður

Afrit:
Skrifstofa Borgarstjórnar Reykjavíkur